# REGLUGERÐ

## um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum.

### 1. KAFLI
### Gildissvið, skilgreiningar o.fl.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um meðhöndlun á amalgammenguðu vatni og amalgammenguðum úrgangi frá tannlæknastofum.

2. gr.

*Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

*Amalgam:* málmblendi sem inniheldur kvikasilfur. Hér er einkum átt við silfuramalgam, þ.e.a.s. málmblendi úr silfri og kvikasilfri.

*Amalgammengað*: lýsing á efni eða hlut sem inniheldur amalgam og hefur ekki verið hreinsað í viðurkenndum hreinsibúnaði fyrir amalgam. Ennfremur efni eða hlutur sem inniheldur amalgam og getur valdið skaða á umhverfinu og/eða er flokkað sem amalgamspilliefni.

### 2. KAFLI
### Amalgammengað vatn.

3. gr.

*Meðferð amalgammengaðs vatns.*

Tannlæknastofur og aðrir aðilar sem losa amalgam í vatn, skulu frá og með 1. janúar 1997 nota viðurkenndan hreinsibúnað, sbr. 5. gr., til að hreinsa amalgam úr vatninu áður en það berst í fráveitu.

4. gr.

Halda skal hreinsibúnaði fyrir amalgam í góðu ástandi, tæma hann reglulega og gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að hann virki ávallt eins og til er ætlast.

5. gr.

*Viðurkenning á hreinsibúnaði til að hreinsa amalgam úr vatni.*

Með viðurkenndum hreinsibúnaði til að hreinsa amalgam úr vatni, sbr. 3. gr., er átt við amalgamskiljur, -síur eða annan búnað af þeirri gerð sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt og samþykkt til slíkra nota.

6. gr.

Þegar sótt er um viðurkenningu Hollustuverndar ríkisins fyrir ákveðna gerð hreinsibúnaðar skv. 5. gr. skal veita allar markverðar upplýsingar um búnaðinn, gerð hans og virkni. Ef þörf krefur getur Hollustuvernd ríkisins krafist frekari upplýsinga áður en umsóknin er afgreidd. Að lokinni athugun á fyrirliggjandi gögnum og, ef þess er talin þörf, prófunum á virkni hreinsibúnaðarins, viðurkennir Hollustuvernd ríkisins búnaðinn eða hafnar honum.

7. gr.

Viðurkenningar á hreinsibúnaði skv. 6. gr. skal veita til 3 ára í senn.

8. gr.

Gjald fyrir afgreiðslu umsókna, viðurkenningu og/eða prófun hreinsibúnaðar skal greiða Hollustuvernd ríkisins í samræmi við gjaldskrá stofnunarinnar.

3. KAFLI

**Amalgammengaður úrgangur.**

9. gr.

Allur amalgammengaður úrgangur, þ.m.t. amalgammengaðir vökvar eða eðja og menguð ílát undan amalgami, telst til spilliefna sem ber að skila til viðurkenndrar móttökustöðvar fyrir spilliefni. Sótthreinsa ber amalgammengaðan úrgang áður en honum er skilað til móttökustöðvar.

10. gr.

Skila skal amalgammenguðum úrgangi til móttökustöðvar við hverja tæmingu hreinsibúnaðar fyrir amalgammengað vatn, en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Til staðfestingar á því að úrgangi hafi verið skilað skal halda eftir kvittun frá móttökustöð. Kvittanir skal geyma í a.m.k. fjögur ár, og ber að sýna þær eftirlitsaðila, óski hann þess. Að öðru leyti er vísað til 47. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum.

4. KAFLI

**Framkvæmd eftirlits.**

11. gr.

Heilbrigðisnefnd hlutaðeigandi sveitarfélags hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Hollustuvernd ríkisins annast þó viðurkenningar á hreinsibúnaði, sbr. 5.-8. gr.

5. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

12. gr.

*Undanþágur.*

Umhverfisráðherra getur, að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, veitt tímabundnar undanþágur frá einstökum ákvæðum þessarar reglugerðar ef ríkar ástæður eru til slíks.

13. gr.

*Viðurlög.*

Um málsmeðferð að öðru leyti, dagsektir og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum.

14. gr.

Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum eftirlitsaðila innan tiltekins frests, getur eftirlitsaðilinn ákveðið honum dagsektir allt að kr. 10.000 á dag, þar til úr er bætt.

15. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 25. janúar 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*